

3. fundur stjórnar Prentsöguseturs 9. maí 2018, kl. 15.30 í prentsmiðjunni Hjá Guðjónó.

*Mættir: Haukur Már Haraldsson, Svanur Jóhannesson, Heimir Br. Jóhannsson, Baldvin Heimisson og Þórleifur Friðriksson. Þóra Elfa Björnsson og Sófus Guðjónsson voru fjarverandi.
Svanur Jóhannesson skráði.*

Haukur formaður dreifði fundarefni, sem Svanur hafði sent um verkefni framundan.

1. Prentsýning í Bókamiðstöðinni hjá Heimi á Laugavegi 29. Allir sammála um að það þurfi að opna hana ekki seinna en 1. júlí n.k.
2. Stjórnarmenn leggi fram vinnu sína og taki að sér viðveru á sýningunni. Samþ.
3. Húsnæðið á Laugaveg 29: Gera leigusamning við eiganda. Heimir segir að leigan gæti orðið kr. 60.000 á mánuði, hann tekur að sér að ganga frá þessu.
4. Hugmynd frá Hauk Má um að láta fræsa leturstafi og hafa til sölu fyrir gesti og gangandi. Haukur tók að sér að athuga það frekar.

Haukur Már vísaði til bréfs sem hann hafði skrifað Evu Maríu Jónsdóttur upplýsingarfulltrúa Árnastofnunar, og sendi okkur í pósti, um að fá leyfi til að nota leturmyndir úr handritum Árnastofnunar? Þetta var rætt og öllum leist vel á þetta. Biðum eftir svári frá Evu Maríu.

5. Að fá posa. Rætt mikið um framkvæmd á því máli og hvernig við eigum að standa að því. Í fyrsta lagi voru allir á því að nauðsynlegt væri að hafa slíkt tæki ef við værum með eitthvað til sölu í safninu. Samþykkt var að nota kennitölu Prentsöguseturs í þessu skyni. Baldvin benti á að hægt væri að fá posa hjá erlendu félagi sem ekki tæki eins mikið fyrir og bankarnir gera hér. Baldvin tók að sér að athuga málið frekar.

6. Regluverk borgarinnar. Haukur skoðarmeð tilliti til hreinlætismála og brunavarna o.fl. en þetta þarf að vera í lagi þegar við opnum safnið.

7. Myndir eftir Samúel Eggertsson. Þórleifur kynnti mál sem hann hefur kannað við barnabarn Samúels, Dóru Jónsdóttur gullsmið, en hún er rétthafi á teikningum afa síns og telur Þórleifur að við gætum nýtt okkur þetta til að selja í safninu og býst við að Dóra myndi leyfa okkur það. Við myndum þá kaupa ákveðið magn af þessum kortum af henni en þau eru prentuð hjá Guðjónó.

Fundarmenn jákvæðir fyrir því að nýta sér þetta. Þórleifur kannar þetta frekar.

8. Prentsýningin. Ýmislegt rætt varðandi sýninguna m.a. um hvar væri hægt að fá setjaravél, en Baldvin telur að hægt væri að koma henni fyrir í húsnæðinu.

Mynd af Gutenberg sem er hjá Grafíu. Svanur hefur kannað með hana, en hún er ekki fundin en leit heldur áfram. Þá var rætt um klissíur og er Heimir með mikið magn af þeim, hugsanlegt að selja þær á sýningunni til ágóða fyrir safnið. Fleira ekki rætt og fundi slitið en ákveðið að hittast fljótlega aftur.